

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 24. tbl. Lögbirtingablaðsins 1945, um afnám bannsvæðis í Faxaflóa.

93
7. maí

Fyrirmæli um bann við fiskveiðum og siglingum í og utan við Faxaflóa frá 23. nóvember 1944, sem birt eru í 66. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1944, eru úr gildi felld.

REGLUGERÐ

94
9. maí

fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins „Léttis“, Akureyri.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í: 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 25 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um, hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um á þann hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvega Akureyrarbúa. Tillagið til reiðvegarins má aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

4. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé, lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað eða kemur af öðrum ástæðum ekki til greina samkv. kappreiðareglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild, endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt, að innskot fáiast að fullu aftur.

94

9. maí

8. gr.
Peir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurðum dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik o. s. frv.

9. gr.
Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.
Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.
Reglugerð þessi gengur í gildi 14. maí 1945 og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 23 1945 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 9. maí 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

95

12. apríl

AUGLÝSING

um viðauka við uppboðslaun samkvæmt V. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs.

Með tilvísun til auglýsingar ráðuneytisins 26. janúar 1945, sbr. lög nr. 18 24. janúar 1945, er hér með auglýst, að uppboðslaun skv. V. kafla laga nr. 27 27. júní 1921 skal innheimta með einungis 40% viðauka.

Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1945.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

96

24. apríl

REGLUGERÐ

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara í skólum ríkisins og öðrum skólum, er styrks nýjta úr ríkissjóði, skulu vera sem hér segir:

Í menntaskólum	kr. 8.00	fyrir	hverja	kennslustund.
- kennaraskólum, vélskólanum, stýrimanna- skólanum, gagnfræðaskólum, iðnskólum og verzlunarskólum	— 7.60	—	—	—
- héraðsskólum og húsmæðraskólum	— 6.20	—	—	—
- barna- og unglingaskólum	— 5.50	—	—	—

Laun stundakennara í öðrum skólum en hér eru greindir og styrktir eru úr ríkissjóði, skulu ákveðin í samráði við fræðslumálastjórnina.